



Seltjarnarnesbær

21. janúar 2016.

Málsnúmer 2016 01 0034

Samþykkt fyrir Öldungaráð Seltjarnarnesbæjar

1.gr.

Umboð

Öldungaráð Seltjarnarnesbæjar starfar í umboði bæjarstjórnar Seltjarnarness með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari.

2.gr.

Verksvið

Öldungaráð skal vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Seltjarnarnesbæjar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni sem varða íbúa sveitarfélagsins 67 ára og eldri. Auk þess að vera til ráðgjafar getur ráðið beint tillögum og ályktunum til bæjarstjórnar, nefnda og ráða. Ráðið er ekki framkvæmdaaðili.

3.gr.

Hlutverk og markmið

Öldungaráð er vettvangur samráðs íbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjaryfirvalda, og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráð er ráðgefandi fyrir starfsemi Seltjarnarnesbæjar í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við stofnanir á vegum bæjarfélagsins, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu bæjarfélagsins til íbúa sem eru 67 ára og eldri. Öldungaráð er ráðgefandi fyrir starfsemi Seltjarnarnesbæjar í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við stofnanir á vegna bæjarfélagsins, að eflingu félagsauðs, að aukinni samstöðu milli kynslóða til að skapa samfélag fyrir alla aldurshópa og kynningu á þjónustu bæjarfélagsins til íbúa sem eru 67 ára og eldri.

4.gr.

Skipan

Öldungaráð er skipað fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara. Bæjarstjórn kýs tvo fulltrúa og tvo til vara og skal aðalmaður vera formaður ráðsins. Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.

5.gr.

Verkstjórn og verkaskipting

Formaður ráðsins er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Öldungaráðið er vistað hjá fjölskyldusviði bæjarins, félagsmálastjóri bæjarins ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins, rekstri og stjórnarsýslu hennar.

6.gr.

Boðun funda og fundarsköp

Öldungaráð skal að jafnaði halda fund ársfjórðungslega, auk opins fundar með bærstjórn og hagsmunaaðilum þegar svo ber undir. Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin fyrir mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn fundarboðun og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Félagsmálastjóri skal sitja fundi öldungaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Seltjarnarnesbæjar, sem og aðra þá sem talið er þörf á hverju sinni.

7.gr.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Öldungaráð skal halda gerðabók og senda afrit fundargerða til bærstjórnar jafnóðum. Félagsmálastjóri skal annast ritun fundargerða ráðsins.

8.gr.

Málsmeðferð

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnarsýslulögum og verklagsreglum um stjórnarsýsluna.

Samþykkt í bæjarráði þann xx. janúar 2016.

Ásgerður Halldórsdóttir
bærstjóri Seltjarnarnesbæjar